

Ed.

672. Frumvarp

til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 493, með þessum breytingum:

b-liður 10. gr. hljóðar svo:

Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

1. málsg. 11. gr. hljóðar svo:

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds af hinu eða erfingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sératvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

c-liður 12. gr. hljóðar svo:

Fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

f-liður 19. gr. hljóðar svo:

Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.

2. málsg. 20. gr. hljóðar svo:

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

33. gr. hljóðar svo:

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annara félaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfslaun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxta-

fé í bönkum, sparisjóðum og annað því um líkt. Ríkisskattanevnd hefir og ætíð aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegns. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnarlaun, ágóðabókun, gjafir o. fl.

35. gr. hljóðar svo:

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, má skattanevnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanevndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanevnd getur og af eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanevndir geta og, eftir tillögum undirskattanevnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 krónur fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu.

1. málsgr. 37. gr. hljóðar svo:

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn af skattanevnd, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til formanns skattanevndar eða skattstjóra, í Reykjavík innan 14 daga frá því skattskrá er framlögð, en annarsstaðar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kærana fyrir 15. dag júnímánaðar í Reykjavík, en annarsstaðar fyrir lok aprílmánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

49. gr. hljóðar svo:

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattálagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.